

Klárum viðræðurnar – með stael!

Aðsent

Össur Skarphéðinsson
utanníkisráðherra



Viðræðurnar um aðild Íslands að Eyrópusambandinu varða grundvallarmál fyrir framtíð Íslands. Það skaðar hagsmuni okkar allra ef þeim verður slití. Þjóðin á sjálf að fá lokaordið um aðildarsamning. Það er hins vegar hlutverk okkar stjórmálamannna að tryggja að endanlegur samningur verði sem bestur fyrir Ísland. Góðu fréttirnar eru þær að viðræðurnar ganga vel og það er farið að sjá til lands.

Skóðanakannanir og þjóðaratkvæði
Peir sem vilja hlaupa úr viðræðunum í miðju klíðum segja jafnán að skóðanakannanir sýni að Íslendingar vilji ekki ganga í ESB ef kosið væri í dag. Gott og vel. En hvað með þá staðreynd að súmu skoðanakannanir hafa líka sýnt ítrekað að mikill meirihluti landsmanna vill ljúka samningaviðræðunum? Eignum við ekki líka að taka mark á þeirri niðurstöðu? Sú skoðanakönnun sem mestu máli skiptir er vitaskuld þjóðaratkvæðagreiðslan.

Hvernig verður Ísland betra?

Með aðild að Eyrópusambandinu fær Ísland traustari umgjörð um allt efna-hagslifið. Aukinn aga, aðhald að utan og stöndun þegar þess er þörf. Umgjörðin í dag er gatslinið. Á Íslandi er langvarandi harri verðbólga á Íslandi en í nágrennarafkjunum „Íslandsálagið“ á vexti á er-lendum lánum til ríkisins, sveitarfélaga, fyrirtækja og heimila nemur um 130 til 230 milljörðum króna á ári. Íslensk heimili borga 117 milljörðum meira í vexti af húsnæðislánum heldur en fjölskyldur í Eyrópu. Milljarðatugur streyma úr landi vegna „Íslandsálagsins.“

Komum krónunni í skjál

Pessu getum við breytt. Rétt er, að við get-



um ekki tekið upp evru strax og við göngum í ESB. En svo að segja strax eigmum við kost á þáttöku í gjaldmíðilsamstarfi, þar sem krónan fær skjál af tengingu við evruna með stöndungi Seðlabanka Eyrópu. Um leið hættir hún að vera sama upp-sprettu óstöðugleika og verðbólgu sem hún er í dag. Við það lækkar verðbólgan og vextirnið. Pá getum við borgað niður lánni okkar, í stað þess að horfa á þau hækka mánuð eftir mánuð, á eftir ár. Þetta er ekki fjarlæg framtíðarmáusík. Þetta getur gerst á næsta kjörtímabili – ef við viljum það.

Þetta er hægt

Ísland getur sannarlega landað góðum samningi, sem tekur tillit til sérstöðu Íslands. Við getum áfram tryggt þróttmikinn sjávarútveg og blómlegan landbúnað. Samningur um aðild mun treysta fullveldi Íslands og öryggi til framtíðar. Hann mun hleypa auknum krafti í landsbyggðina í gegnum þáttöku í evrópskri byggða- og atvinnustefnu. Í kraft hans ólast lítil og meðalstórt fyrirtaki tekiferfi til að vaxa og dafta gegnum aðgang að lánsfá eðlilegum.

”Pá getum við borgað að niður lánnin okkar, í stað þess að horfa á þau hækka mánuð eftir mánuð, ár eftir ár.

um kjörum og umhverfi sem leyfir langtímaæflanir sem standast. Þannig eykst hagvöxtur og þannig verða störfin til.

Stöndum saman

Verkefnið framundan er að ljúka gerð samningsaftöldu Íslands í landbúnaði og sjávarútvegi og hefja viðræðun um þá grundvallarmálaflokkka. Þegar óll mál eru komin upp á samningaborðið sýnir reynslan að hlutirnir geta gengið hratt fyrir sig. Þá er bara einn afangir eftir, lokaáfanginn. Sem starfsmaður á plani leyfi ég mér að segja: Stöndum saman, Íslendingar, og ljúkum ESB-viðræðunum. Klárum þær með stæl!